

# FRÉTTABRÉF

## Foreldrafélags Álftanesskóla vorið 2023



### **Allir foreldrar og forráðamenn sem eiga börn í skólanum eru sjálfkrafa félagsmenn í Foreldrafélagi Álftanesskóla**

Markmið félagsins er að vinna að heilla og hamingju nemenda skólans og styrkja skólann í hvívetna. Markmiðinu hyggst félagið m.a. ná með því að: skapa samstarfsvettvang fyrir foreldra sem eiga börn í skólanum- efla tengsl heimilis og skóla- stuðla að velferð nemenda skólans- koma á umræðufundum um skóla- og uppeldismál- veita skólanum lið svo aðstæður til náms og félagslegra starfa verði samkvæmt kröfum - veita skólanum aðstoð vegna ákveðinna verkefna og starfa í skólanum.

Jafnframt styður félagið við ýmiskonar fjáröflun nemenda og reynt er eftir fremsta megni að bjóða upp á fræðslu og fyrirlestra á vegum félagsins fyrir foreldra og nemendur. Félagið stendur einnig fyrir ýmsum skemmtunum og styður við bakið á bekkjarfulltrúum árganganna ef þeir óska eftir því.

Allir foreldrar eru hvattir til þess að vera virkir í samskiptum milli heimilis og skóla en margar rannsóknir hafa sýnt að það skiptir gríðarlega miklu máli fyrir framvindu og líðan barns í skólanum. Foreldrar eru því hvattir til þess að láta málefni foreldrafélagsins varða og taka virkan þátt í starfinu.

## Dagskrá haustönn 2022

### Síðastliðið haust var tileinkað fræðslu

Haustbréf foreldrafélagsins var sent út í byrjun skólaárs til allra forráðamanna. Það fréttabréf var fullt af fróðleik fyrir forráðamenn til að leita sér upplýsinga um þau mál sem kunna að brenna á þeim ásamt tenglum á margvíslegan fróðleik.

Foreldrafélagið byrjaði skólaárið með opnum fyrirlestri um ADHD sem bar heitið "Hvað er ADHD" og var hann haldinn í matsal skólans 19 sept. Mjög góð mæting var á þann fund og boðið var upp á kaffi og léttar veitingar. Mikil ánægja var með fyrirlesturinn og setti foreldrafélagið svo link á fésbókarsíðu sína inná þann fyrirlestur svo að allir geta lesið sér til þegar vilji og tími er.

Seinni fyrirlestur haustsins var í október og var um einelti og bar fyrirlesturinn heitið "stoppum neteinelti" sem Sema Erla aðjúnkt hélt listilega vel. Eins og áður vel mætt og mikil ánægja meðal fundargesta. Hér setti foreldrafélagið einnig inn link á síðu sína fyrir þá sem vilja skoða síðar.

Foreldrarfélagið lokaði svo fyrri hluta skólaársins með jólafondrinu sem var haldið þann 24 nóvember í matsal skólans og var frábærlega vel mætt og gríðarlega mikil ánægja var með þennan vonandi árlega viðburð stjórnar.

Foreldrafélagið styrkti Álftamýri með einum góðum poka af garni fyrir handaprjón barnanna sem var að slá í gegn.

## Dagskrá vorannar 2023

Janúar mánuð voru allir slakir að njóta og ná sér eftir jólaskemmtanir og fjörið sem jólanum fylgir.

Foreldrafélagið styrkti Öskudagsskemmtun 10. bekkjar sem haldin var í mars mánuði en venja er fyrir því að félagið styrki þá frábæru skemmtun sem er fyrir allan skólann. Styrkurinn felst í greiðslu hoppukastala til helminga á móti skólanum. Hér stóðu 10. bekkingar og bekkjarfulltrúar sem og foreldrar þeirra sig alveg frábærlega og mikil ánægja var með daginn.



Foreldrafélagið styrkti einnig að hluta útgáfu árbókar 10. bekkinga en sá styrkur fólst í að greiða hluta af útprentun bókarinnar. Frábært framtak 10. bekkinga sem vonandi verður framhaldið næstu árin.

Hið árlega páskabingó var svo haldið í boði félagsins með ómetanlegum fjárstyrk Lions klúbbsins á Álftanesi þann 29. mars við mikla gleði og hamingju. Gífurlega vel mætt og bingóið fór vel fram. Foreldrafélagið vill koma miklum þökkum á framfæri til félagsmanna **Lions klúbbsins** sem gerðu nemendum kvöldið mögulegt. Einnig sendir foreldrafélagið miklar þakkir til **allra sjálfboðaliða** sem tóku þátt og **til 8. bekkjar** sem stóð sig með þryði í aðstoð við undirbúning, sölu bingóspjalda, veitinga og aðstoð við frágang.

## Elítan, skólinn og Álftamýri fengu fjárstyrk frá foreldrafélaginu

Foreldrafélagið afhenti stýrum skólans fjárstyrk að fjárhæð **kr 100.000** sem ætlaður er í spilakaup fyrir alla árganga skólans.

Einnig fengur stýrir Elítunar og frístundaheimilis Álftamýris sitthvorn styrkinn að fjárhæð kr 50.000, svo þær gætu keypt það sem þær telja brýnustu þörf á að þeirra starfsemi þarfnast sem muni þá gagnast okkar börnum best.

Stýra Álftamýris, frístundarheimilis kveður eftir þetta skólaár og verður mikill missir af henni Auði okkar, Hallgrímsdóttur. Foreldrafélagið færði henni veglegan blómvönd með þökkum fyrir frábært starf með óskum um velgengni í því sem hún mun taka sér næst fyrir hendur.

## Önnur brýn mál

-Foreldrafélagið minnir góðfúslega á að dagskrá næsta skólaárs fer alveg eftir því hve margir foreldrar/forráðamenn greiða valkröfu foreldrafélagsins sem verður send út í byrjun sept-okt 2023. Reynum því öll að greiða öll þá valkröfu til að gera næsta ár eftirminnilegt fyrir börnin okkar.

-Athygli er vakin á því að stjórnin þarf **FIMM nýja nefndarmenn næsta haust** og nú er ekki seinna vænna en að stíga upp og leggja sitt af mörkum og taka þátt fyrir börnin okkar því , jú þetta snýst allt um þau 😊

-Foreldrafélagið minnir góðlátlega á að með þegar samþykktum reglum verður nú hægt að draga nafn forráðamanna í stjórn ef ekki næst lágmarksfjöldi þar að segja með þeim sem bjóða sig fram.

-Foreldrafélagið mun ekki vera starfandi frá 01.06.2023-25.08.2023 og því munum félagið ekki svara tölvupóstum né fyrirspurnum á því tímabili.

Takk fyrir frábært skólaár.

Stjórn foreldrafélags Álftanesskóla 2022-2023